



• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ISLANDS FORFATTERFORBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Alþingi
Erindi nr. Þ / 135 / 1838
komudagur 18. 3. 2008

Rithöfundasamband Íslands lýsir yfir ánægju með stofnun prófessorsstöðu sem kennd væri við skáldið Jónas Hallgrímsson með vörn og sókn fyrir íslenska tungu og ljóðrækt að meginmarkmiði.

Varðandi greinagerðina fyrir frumvarpinu vildum við aðeins hnykkja á nauðsyn þess að vekja þjóðina til vitundar um sérstöðu íslenskunnar í samfélagi þjóðanna, en engin Evrópuþjóð á kost á jafn samfelldu samhengi í tungumáli sínu, sem gerir að verkum að nútíma Íslendingur á að geta verið í lifandi sambandi við bókmenntir allra alda, Njálu jafnt sem Passíusálmana sem blogg síðu dagsins í dag. Því enda þótt sumar Evrópuþjóðir eigi ríkulegar miðaldabókmenntir, svo sem Englendingar og Frakkar, þá hafa orðið þau rof í tungumálum viðkomandi þjóða að annaðhvort þarf að þýða miðaldabókmenntir þeirra yfir á nútímamálið eða leggja út í langt og strangt nám til að ná valdi á fornmálinu.

Þetta má aldrei gerast með íslenskuna, en jafnframt er þetta sú hættu sem vofir yfir. Íslenskukennarar grunnskólanna tala um að börn og unglingar lesi æ minna og orðaforðinn verði æ takmarkaðri, æ algengara sé að börn hvái þegar kennarinn telji sig vera að tala mælt mál. Og geigvænlegir skallar hafa myndast í þekkingu skólaæsku nútímans á bókmenntum okkar og sögu.

Það væri mikið hjálpræði ef prófessorsstaða kennd við Jónas Hallgrímsson stæði vaktina hér, vekti til umhugsunar um ástandið eins og það er, og blési til sóknar allsstaðar þar sem örlaði á undanhaldi.

Gunnarshúsi 17. mars 2008
Fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands,


Pétur Gunnarsson
Formaður Rithöfundasambands Íslands